

Til 1. maí 1997 skal sölueining bjórs í smásölu innihalda a.m.k. 1,5 lítra. Sama gildir um sölueiningu annars áfengis sem hefur undir 6% vínanda miðað við rúmmál.

Reykjavík, 27. febrúar 1997.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen

Þórarinn Sveinsson

Árni Tómasson

Með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 607/1995, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast reglur þessar hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 28. febrúar 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Nr. 187

14. mars 1997

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Kópavogi.

1. gr.

Af hundum í Kópavogi skal bæjarsjóður Kópavogs innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. staflíð c. í 3. gr. samþykktar nr. 257/1988 um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs.

2. gr.

Við umsókn um leyfi til hundahalds skal innheimta gjald sem hér segir:

Leyfisveiting	kr. 8.000
Leyfisveiting eftir útrunnin frest	" 12.600
Bráðabirgðaleyfi	" 2.000

3. gr.

Af hverjum leyfðum hundi skal innheimta árlegt eftirlitsgjald kr. 5.500.

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og leyfi er veitt.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Afhending	kr. 10.000
Fyrsta afhending hunds með leyfi og ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsömun	" 5.000

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. mars og eindagi 15. maí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt

ákvæði laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með lögtaki.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega gjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Kópavogs er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar um allt að helming. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

7. gr

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 14. mars 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á söluumboðseyðublaði Félags fasteignasala.

Hér með staðfestir ráðuneytið samkvæmt 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987, sbr. 9. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986 sbr. lög nr. 10/1987 og nr. 133/1993, nýtt eyðublað fyrir söluumboð sem Félag fasteignasala hefur látið gera og birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Jafnframt er felld úr gildi staðfesting á söluumboðseyðublaði sem birt var með auglýsingu nr. 195/1988 svo og auglýsing um sama efni nr. 105/1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. mars 1997.

F. h. r.

Jón Thors.

Sigrún Jóhannesdóttir.